

ALMENNT

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 1238/2010. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 var samþykkt í bæjarstjórn þann 3. apríl 2014 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 18. september 2014. Breytingin er gerð vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á tengivirki og aðveitustöðvar.

FORSENDUR OG MARKMIÐ SKIPLAGSGERÐAR

Vegna aukinnar raforkunotkunar við sunnanverðan Vatnajökul, m.a. vegna hótels við Hnappavelli, hyggst Landsnet reisa nýtt tengivirki í Örfæum í landi Hnappavalla. Tengivirkið verður tengt inn á 132 kV Prestbakkalínu 1, sem er hluti byggðarlínuhringins. Samhliða þessu hyggst RARIK reisa aðveitustöð upp við tengivirkið og setja þar upp um 10 MVA aflspenni sem mun spenna úr 132 kV niður í 19 kV sem er dreifispennan á svæðinu.

STAÐHÆTTIR OG AÐKOMA

Tengivirkið er fyrirhugað á um 2,2 ha svæði neðan Suðurlandsvegar nr. 1 skammt austan við Hólá. Landið er littrónir áraurar og hallar til suðurs.

FORNMINJAR

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins. Sunnan við svæðið er gömul rétt sem ekki er talin verða fyrir áhrifum.

TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um skipulagsgerð sveitarfélaga m.a. er fjallað um raforkuflutning. Eftirfarandi kemur fram í stefnunni og er þessi breyting í samræmi við setta stefnu ríkisins:

„2.5.1 Orkunýting og raforkuflutningur í skipulagsáætlunum.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsaflí, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulagsávarðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsávarðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.“

Ekki er búið að flokka landbúnaðarland í sveitarfélaginu en slíkt er fyrirhugað við næstu heildar endurskoðun aðalskipulags. Umrætt svæði sem breyta á landnotkun á er ekki notað til ræktunar né talið ákjósanlegt til þess.

Ekki er neitt gildandi deiliskipulag á svæðinu eða svæðunum í kring sem taka þarf tillit til.

STEFNA Í GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Í gildandi aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 er sett stefna um orkumál í kafla 10 – Veitur og kafla 29 – Grunnkerfi og helgunarsvæði (G). Stefna um landnotkun á iðnaðarsvæðum er að finna í kafla 19 – Iðnaðarsvæði (I).

Stefna sveitarfélagsins í veitumálum er að bæta og styrkja veitukerfi sveitarfélagsins. Talin eru upp nokkur megin áherslumál og segir þar um raforku:

- Tryggja öruggan flutning raforku um sveitarfélagið.

Ekkert tengivirki er skilgreint innan núverandi iðnaðarsvæða. Í sveitarfélaginu eru skilgreind fimm iðnaðarsvæði. Stefna og skilmálar sveitarfélagsins um iðnaðarsvæði eru settir fyrir hvert og eitt iðnaðarsvæði. Eini skilmálinn sem gildir um öll svæðin er:

- Almennt skulu mannvirki á iðnaðarsvæðum taka mið af staðháttum – mannvirkjum sem fyrir eru og landslagi. Vanda skal til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.

Svæðið er undir náttúruvá skv. gildandi aðalskipulagi vegna ummerkja eftir hamfarahlaup úr Kvíarjökli.

MÁLSMEDFERÐ OG UMSAGNARÁÐILAR

Skipulags- og matslýsing var tekin fyrir í skipulagsnefnd þann 05.04.2017 og kynnt frá 11.04.2017 til 03.05.2017.

Umsagnaráðilar við þessa breytingu eru:, Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður, Vegagerðin, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, Veðurstofan, Skógrækt ríkisins, Ferðamálastofa, Náttúrufræðistofnun Íslands og Landvernd.

SAMÞYKKT RÁÐUNEYTIS

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið sendi bréf til sveitarfélagsins dagsett þann 19. apríl 2017. Í bréfinu heimilar ráðuneytið að breyta landnotkun á þessu svæði úr landbúnaðarlandi í aðra landnotkun. Vísar ráðuneytið til 6. gr. jarðalaga nr. 81/2014.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breytingin fellst í því að landnotkun á svæðinu er breytt úr landbúnaðarlandi í iðnaðarsvæði.

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir m.a. um iðnaðarsvæði: „Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, tengivirki, veitustöðvar, skólþælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarsstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“

BREYTING Á UPÐRÆTTI

Á uppdrætti fyrir Örfæi er iðnaðarsvæði afmarkað með hring og fær númerið I 16. Svæðið er um 2,2 ha og skilgreint inni í landi Hnappavalla II.

BREYTING Í GREINARGERÐ

Í kafla 19 er bætt við línu í töflu nr. 19.1. Tafla fyrir breytingu:

| Tafla 19.1 Iðnaðarsvæði á Höfn, í Lóni og Nesjum | |
|--|---|
| I nr. | Starfsemi / staðsetning |
| I 1 | Sorpurðunarsvæði í Skarósdal. Stærð um 10 ha. |
| I 2 | Söfnunarsvæði fyrir brotajárn, við Horn. Stærð um 1 ha. |
| I 3 | Í Hjarðarnesi, steypustöð. Stærð um 0,5 ha. |
| I 4 | Leiðarhöfði - skólþælustöð – svigrúm fyrir mannvirki og aðkomu. Stærð um 0,5ha. |
| I 5 | Smyrlabjargaárvirkjun – vatnsaflsvirkjun 1,3 MW. Stærð um 5 ha. |

Tafla eftir breytingu:

| Tafla 19.1 Iðnaðarsvæði á Höfn, í Lóni og Nesjum | |
|--|---|
| I nr. | Starfsemi / staðsetning |
| I 1 | Sorpurðunarsvæði í Skarósdal. Stærð um 10 ha. |
| I 2 | Söfnunarsvæði fyrir brotajárn, við Horn. Stærð um 1 ha. |
| I 3 | Í Hjarðarnesi, steypustöð. Stærð um 0,5 ha. |
| I 4 | Leiðarhöfði - skólþælustöð – svigrúm fyrir mannvirki og aðkomu. Stærð um 0,5ha. |
| I 5 | Smyrlabjargaárvirkjun – vatnsaflsvirkjun 1,3 MW. Stærð um 5 ha. |
| I 6 | Hnappavellir, tengivirki – Stærð um 2,2 ha – heimilt að byggja tengivirki og aðveitustöð. |

UMHVERFISSKÝRSLA

Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af breyttri stefnu aðalskipulags. Við matið er notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu nr. 2. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa. Í skipulagslýsingunni sem var sameiginleg fyrir fleiri breytingar voru eftirfarandi umhverfisþættir og matsspurningar settar fram sem notaðar eru við að meta umhverfisáhrif breytingarinnar:

Tafla 1. Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar.

| UMHVERFISÞÁTTUR | MATSSPURNING |
|-------------------|---|
| Gróður og dýralíf | Mun breytingin hafa áhrif á gróður og dýralíf – vistsvæði og plöntutegundir? |
| Landnotkun | Mun breytingin hafa áhrif á framboð landbúnaðarlands? Mun breytingin hafa áhrif á notkun svæða til útivistar? Mun breytingin hafa áhrif á verndarsvæði? |
| Ásýnd og landslag | Mun breytingin hafa áhrif á ásýnd svæða? Mun breytingin hafa sjónræn áhrif? Mun breytingin hafa áhrif á náttúrulegt landslagi? |
| Minjar | Mun breytingin hafa áhrifa á friðlýstar fornminjar? Mun breytingin hafa áhrif á friðlýstar náttúruminjar? |
| Samfélag | Mun breytingin hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? |

Þeir umhverfisþættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af þessari breyttri stefnu aðalskipulagsins er varðar tengivirkið eru settir fram í töflu nr. 2.


VALKOSTIR

Nokkrir kostir um staðsetningu tengivirkisins voru skoðaðir. Annar kostur sem var einkum skoðaður var á framræstu beitarlandi á vesturjaðri jarðarinnar. Þar hefði þurft veruleg jarðvegsskipti vegna grundunar mannvirkja og rasks vegna vegagerðar að framkvæmdasvæði. Eftir vinsun kosta var aðeins einn álitlegur kostur eftir og er það valinn kostur.


Hér í umhverfisskýrslunni eru því bornir saman tveir kostir, núllkostur sem er gildandi skipulag sem miðast við grunnástand og valinn kostur.

| VALKOSTIR/UMHVERFISÞÆTTIR | GRÓÐUR OG DÝRALÍF | LANDNOTKUN | ÁSYND OG LANDSLAG | MINJAR | SAMFÉLAG |
|---|--|--|--|--|---|
| | Engin áhrif | Engin áhrif | Engin áhrif | Engin áhrif | Mikil uppbygging t.d. hótél við Hnappavelli kallar á aukid raforkuöryggi ef engin uppbygging verður getur það haft neikvæð áhrif á atvinnulíf |
| Núll – gildandi skipulag Engin uppbygging | | | | | |
| Breytt skipulag Iðnaðarsvæði skilgreint fyrir tengivirki í landi Hnappavalla II | Þegar raskað svæði. Áhrif á gróður á þessu tiltekna svæði verða neikvæð en í heildina óveruleg | Þegar raskað svæði vegna háspennulínu sem liggur um svæðið. Svæðið er ekki nýtt til ræktunar né talið ákjósanlegt ræktarland | Fremur flatlent svæði ásýnd frá hringvegi tölveruð | Ekki er vitað af minjum á skipulagssvæðinu | Tryggir betur raforkuöryggi á svæði sem er í mikilli uppbyggingu |

Jákvæð áhrif Neikvæð áhrif Óveruleg áhrif Óviss áhrif



Gildandi uppdráttur - mkv.1:50.000



Uppdráttur eftir breytingu - mkv.1:50.000

NIÐURSTAÐA


Þörf er á að byggja upp tengivirki til að tryggja raforkuöryggi í sveitunum og til að hægt sé að þjónusta betur ferðaþjónustu sem þegar er á svæðinu en ekki síður fyrir þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er. Þetta samræmist markmiðum í aðalskipulaginu um að tryggja öruggan flutning raforku um sveitarfélagið.

Svæðið sem um ræðir er ekki innan verndarsvæða né hefur að geyma sérstakan gróður eða dýralíf sem talið er vert að vernda. Svæðið er innan landbúnaðarsvæðis en framkvæmdir hafa hverfandi áhrif á beitar- og ræktunarland. Þar sem fyrirhugað tengivirki kemur til með að liggja er svæðið þegar raskað að hluta vegna eldri framkvæmda við lagningu háspennulínunnar sem þegar er á svæðinu. Aðkomuvegur að framkvæmdasvæðinu fylgir gamla bjóðveginum sem lá um svæðið.

Neikvæð áhrif munu verða vegna sýnileika tengivirkisins í landslaginu og þá aðallega frá hringvegnum. Landið er fremur flatlent þar sem tengivirkið er fyrirhugað og því erfitt að fella það inn í landslagið. Til að draga úr neikvæðum áhrifum skal í deiliskipulagi setja skilmála um vandaða hönnun, efnisval og litaval á mannvirkinu til þess að draga úr ásýnd. Sé þess talin þörf, má setja inn jarðvegsmön til að draga enn frekar úr ásýndaráhrifum. Svæðið er innan svæðis sem er skilgreint undir náttúruvá í aðalskipulagi, tengt hugsanlegum hamfarahlaupum frá Örfafjöklí. Síðustu eldgos í Örfafjöklí voru 1727 og 1362 og eru taldar hverfandi líkur á hamfarahlaupum á svæðinu á afskriftartíma mannvirkja.

BREYTING EFTIR AUGLÝSINGU

Texta í niðurstöðukafla breytt þannig að ekki eru gerðar kröfur um jarðvegsmanir, nema þörf sé á til að draga úr ásýndaráhrifum.



Hluti af uppdrætti fyrir Örfæi - Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

| | | | |
|--|--------------------------------------|--|---|
| | Iðnaðarsvæði [I] | | Hjólreiða, göngu- og reióstigar |
| | Efnistöku og efnisíunarsvæði [E] | | Rafveita |
| | Lanubúnaðarsvæði [L] | | Ljósleiðari |
| | Skógræktar og landgræðslusvæði [si.] | | Búseluminjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornieiðalista |
| | Ár (blátt) | | Stofnvegir |
| | Vamargarðar (brúnt) | | Tengivegir |
| | Tún | | Aðrir vegir |
| | Skurðir | | |

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann _____ 2017

Bæjarstjórn: þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2017

(undirskrift)

| | | | |
|--------------------------------------|--------------------|---|------------------|
| | | Aðalskipulagsbreyting Tengivirki | |
| | | Tillaga | |
| Skipulagsteikning.dgn | Maslivæði 1:50.000 | Blokkstöð A3 | Tölkning nr. 001 |
| Umíó fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð | Dags. 15.08.2017 | Teiknað af EDP/ÞRS | |
| | | BR. 08.10.17 | |